

## REGLUGERÐ

### um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

#### 1. gr.

Allar veiðar með fiskibotnvörpu og dragnót eru bannaðar á svæði fyrir Suðausturlandi, nema veiðarfærið sé búið með þeim hætti sem segir í 2. gr. Svæðið markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                             |                             |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°23,90'N - 14°28,00'V  | 20. 63°23,60'N - 16°10,00'V |
| 2. 64°33,00'N - 13°23,00'V  | 21. 63°23,40'N - 16°16,60'V |
| 3. 65°00,00'N - 13°02,12'V  | 22. 63°21,80'N - 16°33,70'V |
| 4. 65°00,00'N - 11°50,00'V  | 23. 63°21,40'N - 16°56,00'V |
| 5. 64°30,64'N - 12°11,68'V  | 24. 63°18,70'N - 16°59,70'V |
| 6. 64°07,00'N - 13°00,50'V  | 25. 63°16,50'N - 17°00,00'V |
| 7. 64°03,00'N - 13°12,20'V  | 26. 63°13,30'N - 17°36,00'V |
| 8. 64°05,64'N - 13°14,96'V  | 27. 63°14,70'N - 17°36,00'V |
| 9. 63°54,00'N - 14°11,00'V  | 28. 63°14,50'N - 17°44,20'V |
| 10. 63°50,30'N - 14°07,80'V | 29. 63°12,70'N - 17°55,00'V |
| 11. 63°48,00'N - 14°07,20'V | 30. 63°11,90'N - 18°04,90'V |
| 12. 63°39,60'N - 14°36,30'V | 31. 63°12,80'N - 18°13,10'V |
| 13. 63°41,10'N - 14°38,20'V | 32. 63°13,35'N - 18°30,00'V |
| 14. 63°43,50'N - 14°42,40'V | 33. 63°16,00'N - 18°54,00'V |
| 15. 63°36,30'N - 14°52,40'V | 34. 63°20,00'N - 19°20,00'V |
| 16. 63°31,50'N - 15°21,70'V | 35. 63°21,60'N - 19°39,50'V |
| 17. 63°33,80'N - 15°26,30'V | 36. 63°16,00'N - 20°02,50'V |
| 18. 63°30,90'N - 15°40,80'V | 37. 63°16,00'N - 20°22,00'V |
| 19. 63°29,10'N - 15°41,30'V |                             |

og þaðan réttvísandi 016° til lands.  
Að norðan markast svæðið af fjörumarki.

#### 2. gr.

Eftirgreindar veiðar eru heimilar á svæðinu skv. 1. gr.:

- A. Sé varpan búin smáfiskaskilju eða 155 mm poka í samræmi við reglugerð nr. 724, 28. ágúst 2006, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju og notkun á 155 mm poka í botnvörpu.
- B. Veiðar með fiskivörpu á tímabilinu frá og með 1. maí til og með 30. júní og frá og með 15. nóvember til og með 28. febrúar á eftirgreindu svæði, enda sé varpan búin leggglugga:

1. 64°11,00' N - 15°42,50' V
2. 63°57,70' N - 15°28,70' V
3. 64°24,00' N - 14°16,60' V
4. 64°24,00' N - 14°30,00' V
5. 64°14,00' N - 14°56,00' V

- C. Dragnótaveiðar, þeim bátum sem tilskilin leyfi hafa, enda sé dragnótin búin leggglugga.
- D. Togbátum sem taka poka vörpunnar inn á síðunni og togbátum sem eru 29 metrar að mestu lengd eða styttri, er heimilt að stunda veiðar með fiskibotnvörpu á svæðinu, enda séu vörpur þeirra búnar leggglugga í samræmi við ákvæði 4. gr.

## 3. gr.

Heimildir til veiða með fiskivörpu á framangreindu svæði takmarkast af ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum og sem settar kunna að verða sbr. 5. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 809/2002 um friðunarsvæði við Ísland.

## 4. gr.

Legggluggi, samkvæmt 2. gr., er netstykki, sem skorið er á legg og komið fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest 5 metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu festar slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum. Séu veiðar stundaðar með leggglugga skal lágmarksmöskvastærð gluggastykkisins og þar fyrir aftan vera 135 mm.

## 5. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 2006 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi með síðari breytingu.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. ágúst 2006.*

F. h. r.

**Árni Múli Jónasson.**

*Dórður Eyþórsson.*